



Fundargerð stjórnar Tækniminjasafns Austurlands

Fimmtudagur 25. nóvember 2021 kl. 14:00 – 15:30 á Teams

Mætt / vantar

Gauti Jóhannesson fyrir hönd Múlaþings, Skúli Vignisson formaður, Ingirafn Steinarsson aðalmaður, Tinna Guðmundsdóttur varamaður, Jónína Brynjólfsdóttir rekstrarstjóri, Elfa Hlín Sigrúnar Pétursdóttir.

Vantar: Bjarki Borgþórsson ritari

Fundargerð ritaði JB

Fundargerð

SV setur fundinn og leggur til að TG verði fundarstjóri og JB fundarritari, samþykkt.

- 1) Ársreikningur 2020
 - a) Ársreikningur samþykktur, hagnaður nam 1.413.137 króna.
- 2) Ársskýrsla 2020. Skýrsla stjórnar 2020

Húsamál – samningar - styrkir

Þegar 2020 gengur í garð er nýlega búið að skýrast eignarhaldið Angró, í framhaldinu var farið í samningaviðræður við bæjarfélagið varðandi það sem safnið hafði gert fyrir húsið og eins varðandi önnur mál eins og ofrukkuð fasteignagjöld.

Eigandaskipti á Skipasmíðastöð gengu í gegn. Sala á Hafnargötu 37 (Skemmunni) til Seyðisfjarðarhafnar, sett af stað og samið um að selja fyrir 7 milljónir.

Samningur lagður fram við Inga Rafn og Elvar varðandi Skipasmíðastöð.

Vinnuhópur um framtíðaráætlun og endurskipulagningu fékk styrk upp á 800 þús. og var hópurinn settur á laggirnar.

Styrkir fengust í viðgerð á þaki skipasmíðastöðvar og var búið að skipta um rúmlega hálf þakið á skipasmíðastöðinni þegar skriðurnar félla.

Sumaropnun 2020

Innkoma vegna skemmtiferðaskipa dróst alveg saman, Safnið var þó opið að hluta yfir sumarið. Opið var í gömlu Vélsmiðju en símasýningin var ekki opin.

Sumarstarfsmaður á vegum Seyðisfjarðarkaupstaðar sá um opnunina.



Viðburðir

Smíðjuhátíðin var haldin í samstarfi við Björgunarsveitina,

Prentverkstæðið var nýtt af bæði af nemendum Lungaskólans og Listaháskóla Íslands sem héldu prentvinnustofu sem skilaði svo af sér sýningunni „Pressa“ sem kom til í samstarfi Listaháskóla Íslands, Skaftfells, FOSS editions og Tækniminjasafns Austurlands.

Í Desember féllu svo skriða á safnið með þeim afleiðingum að skipasmíðastöðin gjöreyðilagðist, renniverkstæðið líka og hluti gömluvélsmiðjunar einnig.

F.h. Stjórnar Tækniminjasafns Austurlands

Skúli Vignisson

- 3) Fjárhags- og starfsáætlun
 - a) Kynnt verður 3 ára áætlun, átaksverkefni um endurreisn safnsins,
 - i) Grunnfjármögnun
 - ii) Starfsáætlun til 3 ára
 - iii) Verkáætlun og tímalína
 - iv) Áætlun um endurreisn og uppbyggingu
 - b) Drög lögð fram til kynningar
- 4) Samþykkt á heimild til uppvinnslu og förgunar muna.
 - a) Aðalfundur samþykkir förgun muna í kjölfar aurskriðu enda sé það gert með yfirumsjá Þjóðminjasafns Íslands með heimild höfuðsafns og Safnaráðs.
 - b) Drög að grisjunaráætlun lög fram til kynningar auk smá kynningar á helstu breytingum á safnastefnu frá vinnufundi fyrr um daginn.
- 5) Laun stjórnarmanna.
 - a) Tillaga lögð fram, formaður fær 8.000 kr. per fund og aðrir stjórnarmenn 4.000 kr. per fund. Síðan er greiddur akstur fyrir þá sem búa utan Seyðisfjarðar, 120 kr per. km. Samþykkt samhljóða.
- 6) Önnur mál
 - a) GJ fer yfir stöðuna varðandi stjórnsýslulega stöðu safnsins, umræður.
- 7) Fundi slitið